

# Þrjú íslensk þjóðlög / Three Icelandic Folk Songs

for alto (or mezzo-soprano) and piano - Texts in Icelandic:

## Hlýði þeir sem henda gaman að kvæðum

1. Hlýði þeir sem henda gaman að kvæðum,  
og hafna vilja öðrum verri ræðum;  
þó oftast hafi' ég óbreytt lag,  
iðja mín er sérhvern dag  
að dikta brag;  
af helgu letri höfum vér besta næmi  
og heilnæm eftirdæmi.

2. Naaman skal hér nefna herrann góða  
er nýtum þénti herra Sýrlandsþjóða.  
Líkprár var og heiðinn hann,  
hafði þó sá göfugi mann  
eitt mektugt rann.  
Hans frú þénti herleidd mey úr stríði  
höfð frá Gyðingalýði.

3. (9.) Hér næst kom sá hertugi Sýrlandsþjóða  
heim í port til spámanns þess hins góða.  
Eliseus lét segja svo:  
Sig skuli hann í Jórdan þvo  
um tíma tvo  
sjö sinnum, og sjúkdóm missa þenna  
en sárleik öngvan kenna.

4. (12.) Síðan þvær sig sæmdarmaðurinn góði  
sjö sinnum í ár Jórdanar flóði.  
Hans líkami varð heill og skær,  
hreinn sem barn það nýfætt er  
svo Naaman fer  
aftur á leið til Eliseus að bragði,  
með auðmýkt þakkir sagði.

5. (28.) Heilög þrenning hafi nú lofið sanna.  
Hún bið eg styrki trú kristinna manna,  
og soddan lækning sendi mér  
sem nú strax umræddu vér  
í hróðri hér.  
Mína líkprá máttu, Jesús, græða.  
Mun hér endir kvæða.

## 2. Kom og próf, kom og próf

Kom og próf, kom og próf  
elskunnar art og amors tryggð,  
æru, trú og reynda dyggð.  
Gef lof, gef lof  
til að gleðja nú okkur geðs í byggð,  
guði svo veitist engin styggð.

## 3. Fögnuður lífsins

Hver skyldi sína hagi klaga  
um hraðfleyg ungdóms björtu ár?  
Sem engi vænst um vorsins daga  
vor stendur blóminn lífsins hár.

Jarðar því gleði góðsamlega  
girðir um lífs vors stutta tíð.  
Æ, hvað brosir ei alla vega  
yndisleg mjög náttúran blíð!

Enn rennur lækur engis fríður  
enn er forsæla í grænum lund;  
enn skín oss máninn yfir blíður  
sem Edens son hans fyrstu stund.

Enn styttir þrúgna dreyrinn dýri  
dægur leiðinda tíðum oss;  
enn, þá kvöldroðans elda rýrir,  
er sætur stúlkuvara koss.

Enn dynur hátt í eikarkrónum  
ágætum af samstemmu söng;  
enn af náttgalans aptantónum  
um snýst í kæti hryggðin ströng.

Æ, víst er jörð guðs vænsti staður,  
og vert á henni' að kæta sig;  
því nýt ég drottins gjafa glaður  
uns gröf til hvílu kallar mig